

Skýrsla stjórnar Þeistareykja ehf. fyrir árið 2009.

Almennt.

Aðalfundur Þeistareykja ehf. árið 2009 var haldinn á Hótel Seli í Mývatnssveit þann 27 febrúar 2009. Á fundinum var, auk annarra aðalfundarstarfa, kjörin stjórn félagsins. Stjórnina skipa; Agnar Ólsen, Ásgeir Magnússon, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, Bergur Elías Ágústsson, Bjarni Bjarnason, Franz Árnason og Jón Helgi Björnsson. Í varastjórn voru kjörin þau Bjarni Pálsson, Bjarni Jónasson, Sigurjón Benediktsson og Ólína Arnkelsdóttir. Nýkjörin stjórn kom saman að aðalfundi loknum og skipti með sér verkum. Formaður er Bergur Elías Ágústsson, varaformaður Franz Árnason og ritari Bjarni Bjarnason. Stjórnin fundaði 8 sinnum á árinu 2009.

Á árinu var haldið áfram með framkvæmdir á Þeistareykjum og nam eignfærður framkvæmdakostnaður ársins 91,9 mkr. skv. ársreikningi. Tap ársins skv. rekstrarreikningi fyrir reiknaðan tekjuskatt nemur 174,4 mkr. þar af er fjármagnskostnaður 157,9 mkr. Eftir skatta er tap ársins tæpar 148,3 mkr. Fjármögnun á rekstri og framkvæmdum á árinu var í aðalatriðum þannig háttað að hluthafar félagsins greiddu inn nýtt hlutafé að fjárhæð 266,2 mkr. á genginu 1. Eftir hlutfjárraukninguna nemur hlutafé félagsins 846,5 mkr. að nafnverði. Þá tók félagið 330 mkr. skuldabréfalán til 2ja ára í Nýja Landsbanka Íslands til að greiða upp skammtímalán vegna fjárþarfar fyrri árs en lánið á að greiðast upp í einu lagi á árinu 2011. Í árslok 2009 eru eignir félagsins bókfærðar á 1.857,6 mkr., þar af nemur bókfærður kostnaður við virkjanaundirbúning og tilheyrandi 1.716,7 mkr. Skuldir félagsins eru á sama tíma 1.566,6 mkr. og eigið fé 291 mkr. Eiginfjárlutfall er 15,7% í árslok 2009 en var í árslok 2008 9,7%. Áætluð greiðslubyrði af langtímalánum félagsins á árinu 2010 er tæpar 400 mkr. með vöxtum. Eigendahópur félagsins var sá sami og áður þar til í árslok að Norðurorka hf og Landsvirkjun gerðu með sér samning um kaup þess síðarnefnda á öllu hlutafé þess fyrrnefnda í félaginu. Fyrirvari er um forkaupsrétt félagsins sjálfs og síðan annarra hluthafa að hinu selda hlutafé, sbr. ákvæði í 2. mgr. 7. samþykktar félagsins.

Umhverfismat

Drög að tillögu að matsáætlun fyrir 200 MW virkjun á Þeistareykjum var lögð fram í febrúar 2009. Í tillögunni er fyrirhugaðri framkvæmd og framkvæmdasvæði lýst. Fjallað er um þá umhverfisþætti sem teknir verða fyrir í matinu. Einnig er tilgreint hvaða gögn eru fyrir hendi sem nýtt verða við matið og hvaða rannsóknir er fyrirhugað að ráðast í vegna mats á umhverfisáhrifum. Þeistareykir ehf. höfðu áður lagt fram tillögu að matsáætlun fyrir allt að 150 MW_e virkjun, sem var dregin til baka 6. nóvember 2008. Tillaga að matsáætlun var síðan skilað inn til Skipulagsstofnunar 23. september. Í tillögunni er fyrirhugaðri framkvæmd og framkvæmdasvæði lýst. Fjallað er um þá umhverfisþætti sem teknir verða fyrir í matinu. Einnig er tilgreint hvaða gögn eru fyrir hendi sem nýtt verða við matið og hvaða rannsóknir er

fyrirhugað að ráðast í vegna mats á umhverfisáhrifum. Niðurstöður umhverfismatsins eiga síðan að liggja fyrir um mitt ár 2010.

Alcoa, Þeistareykir ehf., Landsvirkjun og Landsnet hf., standa að sameiginlegu mati á umhverfisáhrifum álvers á Bakka við Húsavík, Þeistareykjavirkjunar, Kröfluvirkjunar II og háspennulína frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka. Fyrirhugaðar framkvæmdir eru í Norðurþingi, Þingeyjarsveit og Skútustaðahreppi. Samkvæmt úrskurði umhverfisráðherra frá 31. júlí 2008 eru framkvæmdirnar háðar sameiginlegu mati á umhverfisáhrifum, í samræmi við 2. mgr. 5. greinar í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Matið nær til fjögurra ofangreindra framkvæmda.

Tillögu að matsáætlun fyrir sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum verkefnanna fjögurra var skilað inn til Skipulagsstofnunar 23. september samhliða nýjum tillögum að matsáætlunum fyrir Þeistareykjavirkjun og Kröfluvirkjun II. Skipulagsstofnun hafði þegar fallist á matsáætlun Landsnets fyrir háspennulínur að Bakka og matsáætlun Alcoa fyrir álver á Bakka. Niðurstöður sameiginlega matsins eiga að liggja fyrir á sama tíma og umhverfismat Þeistareykjavirkjunar.

Viðnámsmælingar

Sumarið 2009 var farið í mjög umfangsmiklar viðnámsmælingar á Þeistareykjum til að ná fram sem heilstæðastri mynd af jarðhitasvæðinu. Unnið verður úr mælingunum veturinn 2009-2010 og munu niðurstöður liggja fyrir sumarið 2010.

Verkhönnun

Verkhönnun 200 MW virkjunar á Þeistareykjum er á lokastigi og bíður þess að umhverfismat virkjunar ljúki.

Álagsprófanir á borholum

Borholur ÞG4, ÞG5 og ÞG6 voru í blástursprófaðar á fyrrihluta ársins 2009

Vegagerð við Höfuðreiðarmúla

Þeistareykir ehf komu að endurbótum á um 2 km. vegakafla vegagerð milli Höskuldsvatns og Höfuðreiðarmúla.

Lokaorð

Stjórnin vill að lokum þakka hluthöfum samstarfið á árinu og þá þolinmæði sem þeir hafa sýnt með því að leggja fjármuni í rannsóknir sem vonandi skila sér á næstu áratugum með uppbyggingu orkufreks iðnaðar í Þingeyjarsýslum. Það er skoðun stjórnar að þær rannsóknir sem félagið hefur lagt í á undanförunum árum gefi sterkar vísbendingar um að á Þeistareykjum sé stórt og vel nýtanlegt háhitasvæði.

F.h stjórnar Þeistareykja ehf

Bergur Elías Ágústsson